

14.9.6.

Réttur til barnalífeyris vegna fósturbarna og stjúpbarna, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skal vera sá sami og vegna annarra barna sjóðfélaga. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna þessara barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

14.9.7.

Barnalífeyrir greiðist maka látins sjóðfélaga, öryrkja eða framfæranda barns í samræmi við framangreindar reglur. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða barnalífeyri beint til barnsins frá því ári, sem barnið verður 16 ára.

### 7. Bráðabirgðaákvæði:

Ný grein ákvæðis til bráðabirgða er verði grein 26 orðast svo:

Hinn 1. janúar 1997 skal færa 730 millj. kr. úr örorkulífeyrisdeild til ellilífeyrisdeildar. Á sama tíma skal flytja 791 millj. kr. úr ellilífeyrisdeild og 163 millj. kr. úr örorkulífeyrisdeild yfir í fjölskyldulífeyrisdeild.

### 8. Gildistaka:

Breytingar þessar taka gildi 1. júlí 1997, aðrar en breyting á gr. 10.1 og ákvæði til bráðabirgða er taki gildi 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerðarbreyting þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. júní 1997.*

F. h. r.  
**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*

Nr. 485

24. júlí 1997

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, uppfylling við Ánanaust.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 9. júlí 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010 frá 20. febrúar 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felur í sér að norðvestan Ánanausts gegnt Mýrargötu er gert ráð fyrir uppfyllingu sem skilgreind er sem athafnasvæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir hreinsi- og dælustöð, bensinstöð, skyndibitastað og gámastöð Sorpu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 1997.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*